


Fréttabréf Sjálfstæðisflokksins

24. september 2024


D

Umsóknir um vernd:




Brotflutningur:

Það sem af er ári hafa tæplega 1.200 einstaklingar farið frá landinu, ymist í sjálfviljugri heimför eða þvingabari. Þetta er um 70% aukning miðað við allt árið 2023.



Frávísanir á landamærum:

Það sem af er ári hefur 622 verið vísað frá landinu á landamærunum. 443 var vísað frá 2023 og 121 var vísað frá 2022. Það er aukning um 514%.



Árangur í útlendingamálum

Undir forystu Sjálfstæðisflokksins hefur gríðarlegum árangri verið náð í málefnum hælisleitenda. Það sem af eru þessu ári hafa 535 umsóknir borist um alþjóðlega vernd. Á síðasta ári voru umsóknir um 2.547. Í þessum tölum eru umsóknir frá Úkraínufólki ekki taldar með.

70% fleiri ólöglegir hælisleitendur hafa farið frá landinu það sem af er þessu ári en allt árið í fyrra eða 1.165 einstaklingar alls í ár.

Þá nemur aukning í frávísunum á Keflavíkurflugvelli 514% milli árána 2022 og 2024. Alls hefur 622 hælisleitendum verið vísað frá í Keflavík á þessu ári. Allt árið í fyrra voru þeir 439 og 121 árið 2022.

Sjá nánar í frétt hér fyrir neðan.

[Frétt á xd.is](#)



Fóru í strætó til sérsveitarinnar

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins nýtti árlegan þingflokksdag sinn vel í gær. Í Valhöll fékk þingflokkurinn kynningu á góðum árangri sem náðst hefur í útlendingamálum. Þá var förlinni heitið í húsnæði Ríkislögreglustjóra við Skúlagötu. Þar fengu þingmenn meðal annars kynningu á stöðu skipulagðrar brotastarfsemi og á rafvarnarvopnum. Næst snæddi þingflokkurinn hádegisverð í Múlakaffi og heimsótti að lokum Klínikna í Ármúla þar sem mikilvægi einkareksturs í heilbrigðiskerfinu var m.a. til umræðu. Þingflokkurinn nýtti sér almenningsamgöngur í góða veðrinu og ferðaðist með strætó á milli staða. Sjá nánar í frétt hér fyrir neðan.

[Frétt á xd.is](#)

Nýjar vörur í vefverslun

Sjá nánar á xd.is/vefverslun



Nýjar vörur í vefverslun

Erum komin með nýjar vörur til sölu í vefverslun Sjálfstæðisflokksins til viðbótar við fjölmargar fyrri klassískar vörur.

Sérmerktir spilastokkar - 1.000 kr. stokkurinn.

Sérmerktar glasamottur (10 í pakka) - 500 kr. pakkinn.

Sérmerkt tréti fyrir golfarann (30 í pakka) - 1.000 kr. pakkinn.

Sjá nánar í hlekk hér fyrir neðan.

[Vefverslun Sjálfstæðisflokksins](#)



Bjarni mætti Krístrúnu á Sprengisandi

Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, tókst á við Krístrúnu Frostadóttur, formann Samfylkingarinnar, í umræðum um fjárlög á Sprengisandi á á sunnudag fyrir viku.

Bjarni benti þar á ýmsar mikilvægar staðreyndir varðandi stöðu ríkissjóðs sem er á alla mælikvarða góð um leið og hann gagnrýndi skattahækkunartillögur Samfylkingarinnar, líkt og hækkun fjármagnstekjuskatts, þrepaskipt veiðigjald, lokun EHF-gatsins, hækkun erfðafjárskatts o.fl. auk tillagna þeirra um ófjármögnuð útgjaldaverkefni sem hlaupa á tugum milljarða sem eru ekki til þess fallnar að lækka verðbólgu, heldur leiði til minni hagvaxtar.

Hlusta má á þáttinn inni á vef Vísis hér fyrir neðan.

Þátturinn á visir.is

Styrktu flokkinn!

Stjórnmalaflokkar verða ekki reknir á hugsjóninni einni. Stjórnmalabaráttan kostar beinharða peninga en stjórnmalasamtök hafa afar takmörkuð tækifæri til tekjuöflunar. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur þess, umfram aðra íslenska stjórnmalaflokka, að vera breiður og fjölmennur flokkur þar sem tugþúsundir einstaklinga um allt land leggja sitt af mörkum. Hjá sjálfstæðisflokknum munar mestu um framlög flokksmanna sjálfra.

Gerast styrktarmaður!

Styrktu flokkinn!



Sjálfstæðisflokkurinn

Háaleitisbraut 1
105 Reykjavík
Íceland

Fyrirvari

Tölvupóstur þessi er sendur skráðum félagsmönnum í samræmi við ákvæði laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórn málasamtaka. Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Pósturinn er sendur út af póstlista Sjálfstæðisflokksins.

[Viltu ekki fá póst eins og þennan? Þú getur afskráð þig með því að fara á xd.is - mínar síður.](#)

